

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2011/EES/47/01		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 328/09/COL frá 15. júlí 2009 um íslensk hafnalög (Ísland)	1
2011/EES/47/02		Kynningatilkynning frá Eftirlitsstofnun EFTA í samræmi við 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 frá 24. september 2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í bandalaginu – Ákvæði um almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug í Noregi	10
2011/EES/47/03		Kynningatilkynning frá Eftirlitsstofnun EFTA í samræmi við 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 frá 24. september 2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í bandalaginu – Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannaþjónustukvaðir í Noregi.	11
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2011/EES/47/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6185 – Flabeg/Schott/SBPS/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	12
2011/EES/47/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6301 – Eurazeo/Moncler) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	13
2011/EES/47/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6317 – BNP Paribas/Fortis Luxembourg-Vie) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	14
2011/EES/47/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6347 – Dow/Ube/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	15
2011/EES/47/08		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6353 – CIE/COM HEM) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð.	16

2011/EES/47/09	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6371 – OTPP/Macquarie/Copenhagen Airports) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	17
2011/EES/47/10	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6372 – OTPP/Macquarie/FPI-FPIM/The Brussels Airport Company) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	18

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2011/EES/47/01

328/09/COL

frá 15. júlí 2009

um íslensk hafnalög

(Ísland)

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN ⁽¹⁾,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið ⁽²⁾, einkum ákvæða 61., 62. og 63. gr. og bókunar 26,

með vísan til samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls ⁽³⁾, einkum ákvæða 24. gr.,

með vísan til 2. mgr. 1. gr. I. hluta og 4. mgr. 4. gr., 6. gr. og 2. og 5. mgr. 7. gr. II. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól ⁽⁴⁾,

með vísan til leiðbeinandi reglna Eftirlitsstofnunar EFTA um beitingu og túlkun 61. og 62. gr. EES-samningsins ⁽⁵⁾, einkum kaflans um ríkisaðstoð til skipasmíða og kaflans um landsbundna byggðaaðstoð,

með vísan til ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA 195/04/COL frá 14. júlí 2004 um framkvæmdarákvæði sem um getur í 27. gr. II. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól ⁽⁶⁾,

að útgefni ábendingu til hagsmunaaðila um að leggja fram athugasemdir í samræmi við ofangreind ákvæði ⁽⁷⁾, og með vísan til athugasemda sem borist hafa,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

I. MÁLSATVIK

1. Málsmæðferð

Í bréfi dagsettu 7. maí 2007 (skjal nr. 420581), tilkynntu stjórnvöld á Íslandi, í samræmi við ákvæði 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, breytingar á íslenskum hafnalögum sem fólu (meðal annars) í sér heimild til að styrkja framkvæmdir við viðlegumannvirki og notkun hafnsögubáta og bæta tjón á upptökumannvirkjum, viðlegumannvirkjum og hafnsögubátum. Styrkir eru greiddir úr Hafnabótasjóði, en hann var stofnaður árið 1984.

⁽¹⁾ [Á ekki við í íslenska textanum.]

⁽²⁾ Nefnist „EES-samningurinn“ annars staðar í skjalinu.

⁽³⁾ Nefnist „samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“ annars staðar í skjalinu.

⁽⁴⁾ Nefnist „bókun 3“ annars staðar í skjalinu.

⁽⁵⁾ Leiðbeinandi reglur um beitingu og túlkun 61. og 62. gr. EES-samningsins og 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti 19. janúar 1994 og birtar voru í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* (nú *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*; Stjtið. EB eða Stjtið. ESB í því sem hér fer á eftir) L 231, 3.9.1994, bls. 1, og EES-viðbæti nr. 32, 3.9.1994, bls. 1 (nefnast hér „leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð“). Dagrætt gerð leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð er birt (á ensku) á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA: <http://www.eflasurv.int/state-aid/legal-framework/state-aid-guidelines>.

⁽⁶⁾ Ákvörðun 195/04/COL frá 14. júlí 2004, sem birt var í Stjtið. ESB L 139, 25.5.2006, bls. 37, og EES-viðbæti nr. 26, 25.5.2006, bls. 1, með áorðnum breytingum. Sjá vefsetur Eftirlitsstofnunar EFTA: <http://www.eflasurv.int/fieldsofwork/fieldstateaid/legaltexts>.

⁽⁷⁾ Sjá Stjtið. ESB C 96, 17.4.2008, bls. 3, og EES-viðbæti nr. 20, 17.4.2008, bls. 2.

Í kjölfar ýmissa bréfaskipta ⁽⁸⁾ tilkynnti Eftirlitsstofnun EFTA stjórnvöldum á Íslandi, í bréfi dagsettu 12. desember 2007, að hún hefði ákveðið að hefja rannsókn á þessum ráðstöfunum í samræmi við ákvæði 2. mgr. 1. gr. I. hluta bókonar 3.

Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 658/07/COL um að hefja rannsókn var birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau ⁽⁹⁾ og í tengslum við það beindi stofnunin því til hagsmunaaðila að leggja fram athugasemdir.

Stjórnvöld á Íslandi svöruðu með bréfi dagsettu 15. febrúar 2008 (skjal nr. 465549).

Eftirlitsstofnun EFTA barst ein athugasemd frá hagsmunaaðila hinn 23. apríl 2008 (skjal nr. 476888). Með bréfi dagsettu 20. maí 2008 (skjal nr. 477796) framsendi stofnunin stjórnvöldum á Íslandi þá athugasemd og gaf þeim kost á að bregðast við henni. Ekkert formlegt (skriflegt) svar barst við því erindi.

2. Lýsing á fyrirhugaðri ráðstöfun

Samkvæmt íslenski löggiöf á sviði hafnamála – hafnalögum nr. 61/2003 (með áorðnum breytingum skv. lögum nr. 11/2006 og nr. 28/2007) – er heimilt ⁽¹⁰⁾ að styrkja framkvæmdir við hafnarmannvirki og uppbyggingu hafnaraðstöðu í eigu sveitarfélaga og bæta tjón á þeim.

Um nánari skýringar á lagaákvæðum sem gilda um hafnir á Íslandi vísast til ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA um að hefja formlega rannsókn, þ.e. ákvörðunar 658/07/COL frá 12. desember 2007. Stofnunin mun hér á eftir einkum fjalla um þau ákvæði sem ástæða var talin til að skoða og tekin voru til formlegrar rannsóknar.

Þessi ákvæði eru sem hér segir:

- a) **Hafnsögubátar:** Ákvæði stafl. a) í annarri málsgrein 24. gr. hafnalaga frá árinu 2003 („laganna frá 2003“) þess efnis að: heimilt sé að veita styrki úr Hafnabótasjóði vegna stofnkostnaðar „við hafnsögubáta á stöðum þar sem aðstæður í höfn og nágrenni hennar kalla á slíkt öryggistæki.“ Greiðsluþátttaka sjóðsins getur orðið allt að 75% samkvæmt þessu ákvæði.
- b) **Viðlegumannvirki:** Ákvæði stafl. b) og c) í annarri málsgrein 24. gr. laganna frá 2003 sem lúta að heimild til að veita styrki úr Hafnabótasjóði vegna „viðlegumannvirkja“. Greiðsluþátttaka sjóðsins getur orðið allt að 90% af kostnaði við viðlegumannvirki samkvæmt stafl. b) og allt að 40% samkvæmt stafl. c).
- c) **Tjónsbætur:** Ákvæði þriðju málsgreinar 26. gr. laganna frá 2003, en samkvæmt því er heimilt að sækja um styrki úr Hafnabótasjóði vegna tjóns á hafnarmannvirkjum sem eru styrkhæf skv. 24. gr. laganna frá 2003. Ekkert hámark er sett á styrki sem veita má á þennan hátt.
- d) **Upptökumannvirki:** Ákvæði sem aukið var við þriðju málsgrein 26. gr. laganna frá 2003 með breytingarákvæði í lögum frá árinu 2007, en með því bættist tjón á upptökumannvirkjum við það tjón sem hafnarstjórnir geta fengið bætt. Ekkert hámark er sett á þessar styrkveitingar heldur.

2.1 Ástæður þess að stofnað var til rannsókna

Í ákvörðun 658/07/COL lýsti Eftirlitsstofnun EFTA efasemdum um að styrkir vegna hafnsögubáta gætu talist almenn ráðstöfun og verjanleg útgjöld af hálfu ríkisins í tengslum við uppbyggingu sjóflutningakerfis í almannaþágu. Stofnunin taldi ekki loku fyrir það skotið að styrkir vegna hafnsögubáta gætu talist sértæk ráðstöfun þar sem opinber stuðningur til fjárfestingar í lausafjármunum og rekstri felur yfirleitt í sér ívilnun fyrir tiltekin fyrirtæki umfram önnur.

Af svipuðum ástæðum taldi stofnunin sér ófært að álykta á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga hvort styrkir vegna viðlegumannvirkja skyldu teljast almenn ráðstöfun.

Loks lýsti Eftirlitsstofnun EFTA því bráðabirgðaáliti að tjónsbætur gætu falið í sér ríkisaðstoð ef þær væru veittar vegna tjóns á mannvirkjum sem teljast ekki almennar ráðstafanir.

⁽⁸⁾ Um nánari upplýsingar um bréfaskipti Eftirlitsstofnunar EFTA og stjórnvalda á Íslandi vísast til ákvörðunarinnar um að hefja formlega rannsókn.

⁽⁹⁾ Sjá 7. og 8. nmgr. hér á undan.

⁽¹⁰⁾ Engin styrkjauðhlutun hefur enn átt sér stað samkvæmt nýjustu ákvæðunum.

Þá lýsti stofnunin efasemdum um að ráðstafanirnar gætu talist samrýmanlegar framkvæmd EES-samningsins. Þetta byggðist á því (fyrst og fremst) að undanþága samkvæmt stafl. b) í 2. mgr. 61. gr. samningsins virtist ekki geta átt við að teknu tilliti til þess hversu miklar bætur væri unnt að fá greiddar umfram tjón af völdum náttúruhamfara, en jafnframt var ekki ljóst að átt gætu við ákvæði kaflanna um landsbundna byggðaaðstoð og skipasmíðar í leiðbeinandi reglum um ríkisaðstoð. Eftirlitsstofnun EFTA benti einnig á að óheimilt væri að veita einkareknum höfnum styrki úr Hafnabótasjóði og að ekki væri að sjá að gild rök væru fyrir því að gera upp á milli hafna á þann hátt.

3. Athugasemdir annarra aðila

Ein athugasemd barst frá öðrum aðilum og var hana að finna í bréfi til Eftirlitsstofnunar EFTA dagsettu 23. apríl 2008. Stálsmiðjan, einkarekið fyrirtæki sem starfrækir höfn í Reykjavík, lýsti sig samþykka upphaflegum sjónarmiðum stofnunarinnar eins og þeim er lýst í ákvörðuninni um að hefja rannsókn.

4. Athugasemdir stjórnvalda á Íslandi

Í bréfi dagsettu 15. febrúar 2008 lýstu stjórnvöld á Íslandi fyrst af öllu þeirri skoðun að enda þótt breytingar hefðu orðið á lögnum leiddi það af ákvæðum til bráðabirgða í lögnum frá 2003 að „fresta mætti“ framkvæmd ákvæða um styrki úr Hafnabótasjóði og að sú lagalega staða, sem stofnaðist samkvæmt hafnalögum frá árinu 1994, héldist þannig óbreytt til ársloka 2008. Eftirlitsstofnun EFTA fékk einnig þær upplýsingar að gildistími þessa ákvæðis til bráðabirgða hefði verið lengdur skv. lögum nr. 145/2007 og gildi það því nú til ársloka 2010.

Þá lýstu stjórnvöld á Íslandi þeirri skoðun að „hafnarmannvirki“ – en það hugtak er sagt ná yfir ráðstafanirnar sem teknar voru til rannsóknar – teldust opinber mannvirki á Íslandi ef þau væru nýtt í almannaþágu, öllum opin og tengd tiltekinni höfn órjúfanlegum böndum.

Að því er varðaði þær ráðstafanir sérstaklega, sem teknar hafa verið til formlegrar rannsóknar, lýstu stjórnvöld á Íslandi yfir að hafnsögubátar væru við tilteknar aðstæður ómissandi þáttur í starfsemi og búnaði hafnar. Tekið er fram að þeir séu einvörðungu notaðir í öryggisskyni (og þá meðal annars í neyðartilvikum) og að við vissar aðstæður sé notkun þeirra lagaskylda. Þá leggja stjórnvöld áherslu á að kostnaður við bátana sé nokkur byrði á höfnunum. Að því er varðar viðlegumannvirki, sem svo eru nefnd, eru rök stjórnvalda á Íslandi enn á ný þau að slík mannvirki tilheyri almennum hafnarmannvirkjum.

Þá lýsa stjórnvöld þeirri skoðun að ráðstafanirnar leiði ekki til samkeppnisröskunar og hafi ekki áhrif á viðskipti milli EES-riksja. Fyrir þessu eru færð landfræðileg rök og vísað til langs siglingatíma milli Íslands og meginlands Evrópu (47 stunda) og þeirra upplýsinga frá Samtökum iðnaðarins að „óþekkt [sé] að mestu að erlend skip komi til Íslands til viðgerða“. Stjórnvöld á Íslandi viðurkenna að vísu að samkeppni sé á alþjóðavettvangi á sviði skipaviðgerða (og því á sviði notkunar á upptöku-mannvirkjum og þurrkvíum) en telja að sú samkeppni nái ekki til Íslands.

II. MAT

1. Er um ríkisaðstoð að ræða?

Ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

1. mgr. 61. gr. EES-samningsins hljóðar svo:

„Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum er hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-riki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila.“

1.1 Er gengið á ríkisfjármuni?

Aðstoðarráðstöfunin verður að vera á vegum ríkisins eða fela í sér nýtingu ríkisfjármuna.

Fyrirhugað er að greiða styrki til hafna samkvæmt hverri ráðstöfun um sig úr Hafnabótasjóði, en hann fær tekjur úr ríkissjóði. Framlög úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum eru ríkisfjármunir í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Engu breytir um flokkun slíkra framlaga sem ríkisfjármuna þótt greiðslur fari í gegnum Hafnabótasjóð. Í fyrstu málsgrein 26. gr. laganna frá 2003 er kveðið á um að Hafnabótasjóður sé eign ríkisins og að hafnaráð fari með stjórn sjóðsins í umboði ráðherra. Samgönguráðherra skipar hafnaráð í samræmi við 4. gr. laga nr. 7/1996 um Siglingastofnun Íslands. Hafnabótasjóður er því stofnun sem lýtur opinberum rétti. Tekjur Hafnabótasjóðs eru að hluta til beint framlag úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun Alþingis. Samkvæmt þriðju málsgrein 26. gr. laganna frá 2003 ráðstafar hafnaráð fé Hafnabótasjóðs að fengnum tillögum Siglingastofnunar Íslands með samþykki ráðherra á þann hátt sem tilgreint er í 1.–3. tölul. málsgreinarinnar. Samkvæmt fjórðu málsgrein sömu greinar annast Siglingastofnun Íslands vörslu, daglega afgreiðslu og bókhald Hafnabótasjóðs. Þá sinnir Hafnabótasjóður stjórnsýsluverkefnum samkvæmt því sem mælt er fyrir um í lögnum frá 2003.

Það er því niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA að styrkir úr Hafnabótasjóði séu runnir frá ríkinu og séu þannig ríkisfjármunir í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

1.2 Er ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara ívilnað?

Hversu sértæk er ráðstöfunin?

Ráðstöfunin verður að vera sértæk í þeim skilningi að hún ívilni „ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara“.

Það, sem hér kemur til athugunar, er hvort íslensk sveitarfélög, sem njóta ríkisstyrkja, skuli teljast fyrirtæki sem stunda starfsemi í atvinnuskyni eða hvort aðgerðir þeirra eru stjórnvaldsathafnir. Eins og fram kemur í ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna, „*Fjáruðuðningur vegna framkvæmda við hafnarmannvirki í Flandrí*“⁽¹¹⁾, sinna hafnir ekki eingöngu skylduverkefnum samkvæmt opinberri stefnumörkun um viðhald starfhæfs sjóflutningakerfis, heldur hafa þær í vaxandi mæli með höndum atvinnurekstur, til að mynda starfrækslu hafnaraðstöðu og hafnarþjónustu.

Þó að tiltekin stofnun fari samkvæmt lögum með valdheimildir vegna tiltekinn hluta starfsemi sinnar hindrar það eitt og sér ekki að hún geti talist fyrirtæki í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Í samkeppnisrétti merkir hugtakið „fyrirtæki“ hverja þá efnahagseiningu sem fæst við starfsemi í atvinnuskyni, óháð lögformlegri stöðu hennar og hvernig hún er fjármögnuð⁽¹²⁾. Til þess að unnt sé að skera úr um hvort umrædd starfsemi er starfsemi fyrirtækis í skilningi 1. mgr. 61. gr. er nauðsynlegt að skera úr um eðli hennar⁽¹³⁾. Samkvæmt viðtekinni dómaframkvæmd telst starfsemi í atvinnuskyni hver sú starfsemi sem er fölgín í sölu á vörum og þjónustu á tilteknum markaði⁽¹⁴⁾. Eftirlitsstofnun EFTA lítur því svo á að ráðstafanirnar séu sértækar að því leyti sem viðkomandi hafnarstjórnir stunda starfsemi í atvinnuskyni, enda nýtast þær aðeins vissum atvinnurekendum í tiltekinni atvinnugrein.

Í orðsendingu framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna um gæðaðþjónustu í höfnum⁽¹⁵⁾ er gerður greinarmunur á mannvirkjum sem eru „opinber (almenn)“, þeim „sem nýtast tilteknum notendum“ og þeim sem teljast „yfirbygging“. Þessi greinarmunur kemur að gagni sem leiðarvísir við mat á því hvort hafnarstjórnir, eigendur eða rekendur stunda starfsemi í atvinnuskyni. Aðstæður í þessum málaflokki taka þó örum breytingum og hefur Eftirlitsstofnun EFTA ekki aðeins litið til orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar heldur einnig þeirra ákvarðana hennar sem teknar hafa verið síðar (einkum í málinu sem laut að styrkjum til hafna í Flandrí og vísað er til hér á undan), auk upplýsinga frá stjórnvöldum á Íslandi.

Opinber fjármögnun samgönguvirkja getur leitt til tvenns konar álitamála að því er varðar ríkisaðstoð, þ.e. með tilliti til notenda samgönguvirkisins og með tilliti til þeirra sem hafa með höndum stjórn eða rekstur viðkomandi samgönguvirkis. Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að í almennum atriðum sé engin ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins fyrir hendi með tilliti til

⁽¹¹⁾ Ríkisaðstoð N 520/2003, bls. 7–8.

⁽¹²⁾ Sjá m.a. sameinuð mál C-159/91 og C-160/91 *Poucet og Pistre*, dómasafn 1993, bls. I-637, 17. mgr.

⁽¹³⁾ Sjá m.a. mál C-364/92 *SAT Fluggesellschaft*, dómasafn 1994, bls. I-43, 19. mgr.

⁽¹⁴⁾ Sjá m.a. mál C-35/96 *Framkvæmdastjórn gegn ítalska ríkinu*, dómasafn 1998, bls. I-3851, 36. mgr., og mál C-475/99 *Glöckner*, dómasafn 2001, bls. I-8089, 19. mgr.

⁽¹⁵⁾ Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins: Reinforcing Quality Service in Sea Ports: A Key for European Transport („Öflugri gæðaðþjónusta í höfnum: lykill að samgöngum í Evrópu“), COM(2001) 35 lokaútg., undirkaflí 3.3.

notenda ef samgönguvirknið er reist og starfrækt á vegum ríkisins beint og opið öllum hugsanlegum notendum á jafnræðisgrundvelli, enda verður þá ekki sýnt fram á að neinu ákveðnu fyrirtæki eða neinni sérstakri framleiðslu sé ívilnað með þeim hætti að samkeppni sé raskað og áhrif komi fram á viðskipti milli aðildarríkja ⁽¹⁶⁾. Eftirlitsstofnun EFTA telur að nægilega hafi verið sýnt fram á að þetta gildi um hafnir á Íslandi.

Með tilliti til þeirra, sem hafa með höndum stjórn eða rekstur samgönguvirkisins – í þessu tilviki hafnarstjórna á vegum íslenskra sveitarfélaga – verður stofnunin að meta hvort stofnunin, sem starfrækir samgönguvirknið, hefur með höndum starfsemi í atvinnuskyni. Eins og þegar hefur komið fram hafa hafnarstjórnir margvíslega starfsemi með höndum, og geta ýmsir þættir hennar talist fara fram í atvinnuskyni. Af þeim sökum er nauðsynlegt að greina, eftir því sem unnt er, milli þess sem er í eðli sínu starfsemi í atvinnuskyni og annarrar starfsemi, og meta sérstaklega hvernig hvor tegund starfsemi um sig er fjármögnuð.

- a) **Hafnsögubátar.** Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að þjónusta hafnsögubáta sé siglingahjálpi af því tagi sem er af öryggisástæðum ómissandi í vissum höfnum. Stofnunin fellst á að fjárveitingar vegna hafnsögubáta falli undir nauðsynlega starfsemi af því tagi sem ríkið sinnir í þágu almannahagsmuna. Niðurstaða stofnunarinnar er því sú að styrkir til hafnarstjórna vegna hafnsögubáta séu ekki veittir þeim sem fyrirtækjum sem stunda starfsemi í atvinnuskyni. Ráðstöfunin telst því ekki ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.
- b) **Viðlegumannvirki.** Enda þótt viðlegumannvirki geti talist opinber mannvirki, sem eru nauðsynleg viðunandi starfrækslu hafnar sem þjónar almannahagsmunum, má einnig nýta þau í atvinnuskyni. Með hliðsjón af því hvernig framkvæmdastjórnin tók á viðlegumannvirkjum í málinu sem varðaði *hafnir í Flandri* ⁽¹⁷⁾ var það bráðabirgðaafstaða Eftirlitsstofnunar EFTA að viðlegumannvirki teldust hafnaraðstaða af því tagi sem hafnarstjórnir gætu nýtt til að skapa sér tekjur af atvinnurekstri. Stjórnvöld á Íslandi hafa ekki lagt fram neinar upplýsingar sem sýni að notkun viðlegumannvirkja sé nauðsynleg starfsemi í þágu almannahagsmuna, en ekki starfsemi í atvinnuskyni í eðli sínu. Eftirlitsstofnun EFTA lítur því svo á að viðlegumannvirki geri það auðveldara að stunda starfsemi í atvinnuskyni og séu þannig ívilnun fyrir rekstraraðila hafnar að því leyti sem hann starfar sem fyrirtæki.
- c) **Bætur vegna tjóns á upptökumannvirkjum og viðlegumannvirkjum.** Eftirlitsstofnun EFTA er enn þeirrar skoðunar að upptökumannvirki séu eignir sem eru notaðar í atvinnuskyni og að rekstraraðilar geti, svo dæmi sé tekið, nýtt þau til að auðvelda skipaviðgerðir. Að því leyti sem ákvæði um bætur vegna tjóns nýtast hafnarstjórnnum til að standa undir greiðslum vegna tjóns á aðstöðu sem nýtist í atvinnuskyni eru slík ákvæði sértæk ráðstöfun í þágu fyrirtækis (þ.e. hafnarstjórnarinnar sjálfar). Niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA er þannig sú að tilteknum fyrirtækjum sé ívilnað með því að rýmka gildissvið ákvæða um tjónsbætur þannig að þau taki til tjóns á upptökumannvirkjum og viðlegumannvirkjum.

Ávinningur

Ráðstöfunin verður að færa viðtakanda ávinning sem hlífir honum við greiðslum sem hann þyrfti ella að inna af hendi af rekstrarfé sínu.

Eigendur hafna munu þurfa að standa straum af útgjöldum að hluta eftir að styrkur hefur fengist samkvæmt hafnalögum, enda getur ríkisstyrkurinn aðeins numið allt að 40% og 60% af þeirri fjárfestingu sem viðlegumannvirkin krefjast. Fjárfestingarkostnaður þessara fyrirtækja verður þó lægri en hjá öðrum fyrirtækjum sem njóta ekki styrkja samkvæmt þessu kerfi. Eigendum hafnanna er því færður ávinningur með þessari ráðstöfun.

Þá hafa bætur vegna tjóns í för með sér sams konar ávinning. Hafnarstjórnir geta hlotið styrki vegna viðgerða á upptökumannvirkjum og viðlegumannvirkjum. Með þessu eru styrkþegum bætt útgjöld sem þeir hefðu að öðrum kosti þurft að bera sjálfir.

⁽¹⁶⁾ Sbr. hvítbók framkvæmdastjórnarinnar COM(1998) 466 lokaútg. frá 22.7.1998: *Fair Payment for Infrastructure Use: A phased approach to a common transport infrastructure charging framework in the EU* („Samgirnissjónarmið við gjaldtöku vegna mannvirkjanotkunar: tillögur um áfanga í upptöku sameiginlegs ramma um gjaldtöku vegna notkunar samgönguvirkja í Evrópusambandinu“), 5. kafla, 42.–43. mgr.

⁽¹⁷⁾ Sjá mál N 520/2003, 46.–50. mgr.

1.3 Samkeppnisröskun og áhrif á viðskipti milli aðila að EES-samningnum

Til þess að ráðstöfun geti talist hafa í för með sér ríkisaðstoð verður hún að raska samkeppni og hafa áhrif á viðskipti milli aðildarríkja EES-samningsins.

Eftirlitsstofnun EFTA er enn þeirrar skoðunar að þeir, sem starfrækja skipalyftur og þurrkvíar sem aðstöðu til skipaviðgerða, stundi þann rekstur í alþjóðlegu samkeppnisumhverfi. Við það bætist, eins og nefnt var í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn, að aukið frelsi hefur smám saman komist á á markaði fyrir hafnarþjónustu⁽¹⁸⁾. Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna tók fram í áætlun sinni með heitinu LeaderSHIP 2015⁽¹⁹⁾ að skipasmíðar og skipaviðgerðir, sem stundaðar eru í atvinnuskyni, fari fram á markaði sem nái sannarlega um allan heim og mæti því samkeppni á heimsmarkaði.

Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að ríkisstyrkirni raski eða séu til þess fallnir að raska samkeppni, og að þetta megi ráða af svari sem barst frá þriðja aðila. Stjórnvöld á Íslandi hafa einnig viðurkennt (enda þótt þau telji að ekki sé um samkeppnisröskun að ræða) að í lögnum frá 2003 sé gerður munur á höfnum í eigu hins opinbera (sem geta hlotið styrki) og höfnum í einkaeigu (sem geta ekki hlotið styrki). Með vísan til þess að starfsemi þeirra hafna, sem geta hlotið ríkisstyrki, fer að hluta til fram í atvinnuskyni má slá því föstu að efni eru til að samkeppni geti raskast í slíkum tilvikum.

Þó að Eftirlitsstofnun EFTA fallist á að af landfræðilegum ástæðum muni samkeppnisröskunin að öllum líkindum hafa minni áhrif á viðskipti en verið hefði á meginlandi Evrópu tekur stofnunin ekki undir það álit stjórnvalda á Íslandi að áhrif á viðskipti verði engin (eða að engin efni séu til að slík áhrif komi fram). Þessi starfsemi, og þá sérstaklega þjónusta við skipafélög og flutningafyrirtæki, er ekki fullkomlega staðbundin í eðli sínu þegar litið er til þess hversu hreyfanleg slík fyrirtæki eru. Starfræktir eru flutningar á föstum siglingaleiðum milli Íslands og annarra EES-ríkja og fyrirtæki, sem nýta sér hafnarþjónustu, geta því að nokkru valið hvar (til dæmis) reglulegt viðhald skuli fara fram, eða hvar skipum skuli lagt þegar starfsemi fellur niður af einhverjum ástæðum.

Þá ber að líta til þess (eins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna benti á í tengslum við JadeWeserPort-verkefnið⁽²⁰⁾) að einkafjárfesting í höfnum fer vaxandi, og gæti því fyrirtæki frá öðru EES-ríki átt eða starfrækt höfn á Íslandi og stundað þar samkeppni á þann hátt. Ríkisaðstoð við þá, sem starfrækja hafnir á Íslandi, gæti því einnig haft áhrif á viðskipti með þeim áhrifum sem hún hefur á slíka einkafjárfestingu.

Eftirlitsstofnun EFTA lítur því svo á að sökum þess að ráðstafanir þessar munu verða til þess að styrkja stöðu styrkþega gagnvart keppinautum á Evrópska efnahagssvæðinu raska þær, eða geta raskað, samkeppni og hafa áhrif á viðskipti milli aðildarríkja EES-samningsins.

1.4 Niðurstaða

Af ofangreindum ástæðum er það álit Eftirlitsstofnunar EFTA að styrkir til framkvæmda við viðlegumannvirki og bætur vegna tjóns á viðlegumannvirkjum og upptökumannvirkjum hafi í för með sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Þá er það niðurstaða stofnunarinnar að styrkir, sem renna til hafnarstjórna vegna hafnsögubáta, skuli ekki teljast ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

2. Málmeðferðarreglur

Eftirfarandi ákvæði er að finna í 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókonar 3: „*Tilkynna skal [E]ftirlitsstofnun EFTA um áætlanir um að veita eða breyta aðstoð þannig að henni gefist nægur tími til athugasemda. [...] Hlutaðeigandi ríki skal ekki gera fyrirhugaðar ráðstafanir fyrir en endanleg niðurstaða liggur fyrir.*“

⁽¹⁸⁾ Orðsendingin um hafnir, sjá tilvísun í 15. nmgr., 2. undirkafla.

⁽¹⁹⁾ Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins, Evrópuþingsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar, LeaderSHIP 2015, Defining the Future of the European Shipbuilding and Repair Industry, Competitiveness through Excellence („Framtíðarsýn fyrir skipasmíðar og skipaviðgerðir í Evrópu, samkeppnishæfni á grundvelli ágætis“), COM(2003) 717 lokaútg., undirkafla 2.1.

⁽²⁰⁾ Ríkisaðstoð N 110/2008.

Eins og fram kom í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn tilkynntu stjórnvöld á Íslandi ekki þau ákvæði laganna frá 2003, sem varða styrki til framkvæmda við viðlegumannvirki og bætur vegna tjóns á þeim, áður en ráðstafanirnar komust til framkvæmda. Þá öðlaðist tilkynnt breyting að því er varðaði bótagreiðslur vegna upptökumannvirkja frá 2007 gildi hinn 29. mars 2007. Í athugasemdum sínum við ákvörðunina um að hefja formlega rannsókn tóku stjórnvöld á Íslandi hins vegar fram að samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II í lögum frá 2003 skyldu styrkjareglur laganna ekki koma til framkvæmda fyrr en í árslok 2008. Með lögum nr. 145/2007 var frestun á beitingu þessara styrkjareglna framlengd til ársloka 2010. Því háttar svo til að enda þótt lögini hafi öðlast gildi var beitingu ríkisaðstoðarákvæða þeirra frestað til bráðabirgða meðan beðið var endanlegrar ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA. Það er því niðurstaða stofnunarinnar að stjórnvöld á Íslandi hafi virt skuldbindingar sínar samkvæmt 3. mgr. 1. gr. I. hluta bóknar 3 að því er þessar ráðstafanir varðar.

Styrkir vegna hafnsögubáta hafa ekki í för með sér ríkisaðstoð og því bar enga skyldu til að tilkynna þá ráðstöfun.

3. Samrýmist aðstoðin ákvæðum EES-samningsins?

Stuðningsráðstafanir, sem falla undir ákvæði 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins, eru ósamrýmanlegar framkvæmd EES-samningsins nema þær fullnægi skilyrðum fyrir undanþágu samkvæmt ákvæðum 2. eða 3. mgr. 61. gr. samningsins.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur því metið ráðstafanirnar á grundvelli 2. og 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins með hliðsjón af leiðbeiningum stofnunarinnar um ríkisaðstoð⁽²¹⁾.

Fjárfesting í viðlegumannvirkjum

Samkvæmt leiðbeinandi reglum um landsbundna byggðaaðstoð árin 2007–2013 og byggðakorti fyrir Ísland er heimilt að veita styrki vegna stofnfjárfestingar á grundvelli styrkhæfs kostnaðar við framkvæmdir í höfnum á byggðakortinu, allt að 15% af vergu styrkigildi (að viðbættum styrkkausa sem nemur 20% af vergu styrkigildi vegna aðstoðar við smáfyrirtæki og 10% af vergu styrkigildi vegna aðstoðar við meðalstór fyrirtæki). Styrkir umfram þessi mörk geta ekki talist samrýmanlegir EES-samningnum á grundvelli leiðbeinandi reglna um landsbundna byggðaaðstoð árin 2007–2013. Mörkin hafa ekki verið virt í málinu sem hér er til athugar.

Bætur vegna tjóns á viðlegumannvirkjum og upptökumannvirkjum

Aðstoðin, sem er veitt sem bætur vegna tjóns, tengist ekki fjárfestingu heldur þjónar hún sem aðferð til að draga úr kostnaði sem fyrirtæki myndi ella þurfa að bera í daglegum rekstri sínum (eða losa það alveg undan honum). Eftirlitsstofnun EFTA lítur því svo á að hér sé um að ræða rekstraraðstoð.

Að áliti stofnunarinnar getur þessi rekstraraðstoð ekki fallið undir ákvæði stafl. b) í 2. mgr. 61. gr. EES-samningsins þegar litið er til þess að hún er ekki bundin við afleiðingar náttúruhamfara eða óvæntra atburða.

Stofnunin lítur svo á að bætur vegna tjóns á upptökumannvirkjum verði að meta á grundvelli leiðbeinandi reglna stofnunarinnar um skipasmíðar. Leiðbeinandi reglur um skipasmíðar eru sérlög sem hindra beitingu leiðbeinandi reglna um landsbundna byggðaaðstoð⁽²²⁾. Leiðbeinandi reglur um skipasmíðar gilda um „aðstoð sem veitt er skipasmíðastöðvum, tengdum aðilum, skipafélögum og öðrum aðilum, beint eða óbeint, vegna skipasmíða, skipaviðgerða eða skipabreytinga“⁽²³⁾. Samkvæmt leiðbeinandi reglum um skipasmíðar er aðstoð til framkvæmda við skipaviðgerðastöðvar heimil ef hún er veitt til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar, til að hætta starfsemi, sem aðstoð í atvinnusköpunarskyni, útflutningslán, þróunaraðstoð eða byggðaaðstoð til fjárfestinga. Eftirlitsstofnun EFTA lítur hins vegar svo á að bætur vegna tjóns á upptökumannvirkjum falli ekki í neinn þessara flokka og geti því ekki talist samrýmanlegar EES-samningnum með vísan til leiðbeinandi reglna um skipasmíðar.

⁽²¹⁾ <http://www.eftasurv.int/state-aid/legal-framework/state-aid-guidelines>.

⁽²²⁾ Sjá leiðbeinandi reglur Eftirlitsstofnunar EFTA um landsbundna byggðaaðstoð árin 2007–2013, 2. undirkafla, 8. mgr., 8. nmgr.

⁽²³⁾ Ríkisaðstoð N 554/06 – Þýskaland, Rolandwerft, sem varðaði breytingar á skipalyftu til að gera kleift að lyfta þyngri skipum, og ríkisaðstoð C 612/06 – Þýskaland, Volkswerft Stralsund, Stjtið. ESB L 151, 13.6.2007, bls. 33, sem varðaði einnig staðkunarframkvæmdir við skipalyftu.

Rekstraraðstoð, sem er veitt til að bæta tjón á viðlegumannvirkjum, verður að meta sem byggðaaðstoð. Ráðstöfunin verður að meta bæði samkvæmt leiðbeinandi reglum um landsbundna byggðaaðstoð árin 2000–2006 og leiðbeinandi reglum um landsbundna byggðaaðstoð árin 2007–2013. Í fyrrnefndu reglunum var enga heimild að finna til að veita rekstraraðstoð samkvæmt kerfi eins og því sem hér er til athugunar. Samkvæmt ákvæðum 5. undirkafla nógildandi reglna verður að jafnaði að standa þannig að rekstraraðstoð að hún sé tímabundin og fari minnkandi með tímanum (68. mgr.), bundin við fámennustu byggðir (69. mgr.) eða veitt til að bæta upp kostnaðarauka vegna flutninga (70. mgr.). Samkvæmt upplýsingum sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur undir höndum eru fyrirhugaðar bætur vegna tjóns ekki takmarkaðar á þennan hátt og geta því ekki talist samrýmanlegar EES-samningnum með vísan til leiðbeinandi reglna um byggðaaðstoð árin 2007–2013.

Fyrirtækjum falið að veita þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu skv. 59. gr. EES-samningsins

Að því leyti sem ráðstafanirnar, sem hér eru til athugunar, snúast um veitingu þjónustu sem er í eðli sínu starfsemi í atvinnuskyni er hugsanlegt að slíkt geti talist þjónusta sem hefur almenna efnahagslega þýðingu. Þjónusta af því tagi getur fallið utan skilgreiningar á ríkisaðstoð í samræmi við meginreglur *Altmark*-dómsins⁽²⁴⁾ eða verið aðstoð sem telja mætti samrýmanlega EES-samningnum með vísan til 2. mgr. 59. gr. samningsins. Stjórnvöld á Íslandi hafa þó ekki haldið því fram að fjárveitingarnar hafi haft þann tilgang að tryggja þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu og Eftirlitsstofnun EFTA bendir á að hafnarstjórnnum hefur ekki verið falið sérstaklega að veita slíka þjónustu og að fjárveitingar eru ekki ákveðnar á þeim grundvelli að bæta rekstraraðilum útgjöld sem hljótast af því að veita þjónustuna. Ráðstafanirnar eru því ekki samrýmanlegar EES-samningnum á grundvelli 2. mgr. 59. gr. samningsins.

Eru ráðstafanirnar samrýmanlegar EES-samningnum samkvæmt beinni vísan til stafl. c) í 3. mgr. 61. gr.?

Samkvæmt ákvæðum stafl. c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins er Eftirlitsstofnun EFTA heimilt að lýsa aðstoð samrýmanlega EES-samningnum ef hún er veitt til þess að greiða fyrir þróun ákveðinna greina efnahagslífsins, enda hafi slík aðstoð ekki svo óhagstæð áhrif á viðskiptaskilyrði að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum.

Eftirlitsstofnun EFTA tekur fram að hafnir hafa mikilvægu hlutverki að gegna á Evrópska efnahagssvæðinu og eru nauðsynlegar í því skyni að stuðla að jafnvægu og sjálfbæru flutningakerfi og sem miðstöðvar byggðaþróunar. Þá tekur stofnunin fram að hafnir gegna mikilvægu hlutverki þegar kemur að því að greiða fyrir viðskiptum og geta greitt fyrir því að hnika farmflutningum af vegum og taka upp flutningahætti sem einkennast af meiri sjálfbærni í umhverfismálum. Stofnunin viðurkennir einnig að litlar líkur standa til þess að koma megi við umbótum á hafnarmannvirkjum fyrir tilstuðlan markaðarins eingöngu og að líklegt er að einhvers konar ríkisafskipti verði að koma til.

Aftur á móti háttar svo til að samkvæmt hafnalögum hljóta hafnir mismunandi meðferð eftir því hvort þær eru í einkaeigu eða eigu sveitarfélaga, þar eð aðeins er unnt að sækja um styrki vegna hinna síðarnefndu. Reyndar verður ekki séð að þessi greinarmunur feli í sér brot á ákvæðum EES-samningsins um frelsi til flutninga, en mismunur milli einkarekinna og opinbera fyrirtækja þegar um aðstoð er að ræða, að því er varðar EB-sáttmálann, kom til umfjöllunar í dómi Dómstóls Evrópubandalaganna í *Falck*-málinu. Dómstóllinn lagði fyrst áherslu á að ábyrgð á styrkveitingum lægi fyrst og fremst hjá hlutaðeigandi stjórnvöldum, og skýrði síðan hlutverk framkvæmdastjórnarinnar á eftirfarandi hátt: „*Rétt er ... að enda þótt aðstoðarráðstöfun, hvers eðlis sem hún er, sé jafnan til þess fallin að færa einu fyrirtæki ávinning umfram önnur er framkvæmdastjórninni óheimilt að fallast á aðstoð sem leitt getur til augljósrar mismununar milli einkarekinna og opinberra fyrirtækja. Aðstoð, sem veitt væri á þann hátt, hefði í för með sér samkeppnisröskun í þeim mæli að stríddi gegn almannahagsmunum*“⁽²⁵⁾.

Af þessari ástæðu lítur Eftirlitsstofnun EFTA svo á að enda þótt hugsanlegt væri að heimila aðstoðina samkvæmt EES-samningnum geta styrkirnir ekki talist samrýmanlegir framkvæmd samningsins þar eð þeir nýtast eingöngu ríkisreklam fyrirtækjum án þess að nokkrar málefnaleg ástæður séu fyrir slíkri tilhögun.

⁽²⁴⁾ Mál C-280/00 *Altmark Trans GmbH*, dómasafn 2003, bls. I-7747.

⁽²⁵⁾ Mál 304/85 *Falck gegn framkvæmdastjórn*, dómasafn 1987, bls. 871, 27. mgr. Sjá að líku leyti mál T-244/94 *Wirtschaftsvereinigung Stahl*, dómasafn 1997, bls. II-1963, og mál T-239/94 *EISA*, dómasafn 1997, ECR II-1839, 100. mgr.

Það er því niðurstaða stofnunarinnar, með hliðsjón af ofangreindu mati, að fjárfestingar í viðlegumannvirkjum og bótagreiðslur vegna tjóns á upptökumannvirkjum og viðlegumannvirkjum séu ósamrýmanlegar framkvæmd EES-samningsins.

4. Niðurstaða

Að frátöldum styrkjum vegna hafnsögubáta, sem fela ekki í sér ríkisaðstoð, eru aðstoðarráðstafanirnar ósamrýmanlegar framkvæmd EES-samningsins af þeim ástæðum sem greint hefur verið frá hér á undan.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur undir höndum hafa styrkveitingarnar ekki enn komist til framkvæmda, þ.e. engin aðstoð hefur enn verið greidd neinum þeim sem rétt gæti átt til styrkja samkvæmt kerfinu.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að ákvæði stafl. a) í annarri málsgrein 24. gr. hafnalaga, en samkvæmt því er heimilt að styrkja „[s]tofnkostnað við hafnsögubáta á stöðum þar sem aðstæður í höfn og nágrenni hennar kalla á slíkt öryggistæki“, hafi ekki í för með sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

2. gr.

Ákvæði stafl. b) og c) í annarri málsgrein 24. gr. hafnalaga, sem heimila styrki til framkvæmda við viðlegumannvirki, og ákvæði þriðju málsgreinar 26. gr. hafnalaga, sem heimila að bætt sé tjón á hafnarmannvirkjum sem eru styrkhæf skv. stafl. b) í annarri málsgrein 24. gr., hafa í för með sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Þessar aðstoðarráðstafanir eru ósamrýmanlegar framkvæmd EES-samningsins.

3. gr.

Óheimilt er að koma til framkvæmda ráðstöfunum þeim sem um getur í 2. gr.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til Íslands.

5. gr.

Fullgild er aðeins ensk útgáfa ákvörðunarinnar.

Gjört í Brussel 15. júlí 2009.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA.

Per Sanderud

Forseti

Kristján Andri Stefánsson

Stjórnarmaður

**Kynningatilkynning frá Eftirlitsstofnun EFTA í samræmi við 4. mgr. 16. gr. 2011/EES/47/02
reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 frá 24. september 2008 um
sameiginlegar reglur um flugrekstur í bandalaginu**

Ákvæði um almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug í Noregi

Aðildarríki	Noregur
Flugleiðir	<ol style="list-style-type: none"> 1. Lakselv–Tromsø (báðar leiðir) 2. Andenes–Bodø (báðar leiðir), Andenes–Tromsø (báðar leiðir) 3. Harstad/Narvik – Tromsø (báðar leiðir) 4. Svolvær–Bodø (báðar leiðir) 5. Leknes–Bodø (báðar leiðir) 6. Røst–Bodø (báðar leiðir) 7. Narvik (Framnes)–Bodø (báðar leiðir) 8. Brønnøysund–Bodø (báðar leiðir), Brønnøysund–Trondheim (báðar leiðir) 9. Sandnessjøen–Bodø (báðar leiðir), Sandnessjøen–Trondheim (báðar leiðir) 10. Mo i Rana–Bodø (báðar leiðir), Mo i Rana–Trondheim (báðar leiðir) 11. Mosjøen–Bodø (báðar leiðir), Mosjøen–Trondheim (báðar leiðir) 12. Namsos–Trondheim (báðar leiðir), Rørvik–Trondheim (báðar leiðir) 13. Florø–Oslo (báðar leiðir), Florø–Bergen (báðar leiðir) 14. Førde–Oslo (báðar leiðir), Førde–Bergen (báðar leiðir) 15. Sogndal–Oslo (báðar leiðir), Sogndal–Bergen (báðar leiðir) 16. Sandane–Oslo (báðar leiðir), Sandane–Bergen (báðar leiðir) 17. Ørsta–Volda–Oslo (báðar leiðir), Ørsta–Volda–Bergen (báðar leiðir) 18. Fagernes–Oslo (báðar leiðir) 19. Røros–Oslo (báðar leiðir)
Gildistökudagur almannaðjónustukvaða	1. apríl 2012
Textinn er afhentur endurgjaldslaust, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða almannaðjónustukvaðirnar, eftir beiðni sem senda ber:	<p>Samferdselsdepartementet Postboks 8010 Dep 0030 Oslo Norge</p> <p>Sími: +47 22 24 83 53, Fax. +47 22 24 56 09</p> <p>http://www.regjeringen.no/en/dep/sd/Documents/Other-documents/Tenders.html</p>

**Kynningatilkynning frá Eftirlitsstofnun EFTA í samræmi við 5. mgr. 17. gr. 2011/EES/47/03
reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 frá 24. september 2008 um
sameiginlegar reglur um flugrekstur í bandalaginu**

Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannahjónustukvaðir í Noregi

Aðildarríki	Noregur
Flugleiðir	<ol style="list-style-type: none"> 1. Lakselv–Tromsø (báðar leiðir) 2. Andenes–Bodø (báðar leiðir), Andenes–Tromsø (báðar leiðir) 3. Harstad/Narvik–Tromsø (báðar leiðir) 4. Svolvær–Bodø (báðar leiðir) 5. Leknes–Bodø (báðar leiðir) 6. Røst–Bodø (báðar leiðir) 7. Narvik (Framnes)–Bodø (báðar leiðir) 8. Brønnøysund–Bodø (báðar leiðir), Brønnøysund–Trondheim (báðar leiðir) 9. Sandnessjøen–Bodø (báðar leiðir), Sandnessjøen–Trondheim (báðar leiðir) 10. Mo i Rana–Bodø (báðar leiðir), Mo i Rana–Trondheim (báðar leiðir) 11. Mosjøen–Bodø (báðar leiðir), Mosjøen–Trondheim (báðar leiðir) 12. Namsos–Trondheim (báðar leiðir), Rørvik–Trondheim (báðar leiðir) 13. Florø–Oslo (báðar leiðir), Florø–Bergen (báðar leiðir) 14. Førde–Oslo (báðar leiðir), Førde–Bergen (báðar leiðir) 15. Sogndal–Oslo (báðar leiðir), Sogndal–Bergen (báðar leiðir) 16. Sandane–Oslo (báðar leiðir), Sandane–Bergen (báðar leiðir) 17. Ørsta–Volda–Oslo (báðar leiðir), Ørsta–Volda–Bergen (báðar leiðir) 18. Fagernes–Oslo (báðar leiðir) 19. Røros–Oslo (báðar leiðir)
Samningstími	<p>Áætlunarleiðir 1–12: 1. apríl 2012–31. mars 2017</p> <p>Áætlunarleiðir 13–19: 1. apríl 2012–31. mars 2016</p>
Frestur til að skila tilboðum	25. október 2011
Texti útboðsauglýsingarinnar er afhentur endurgjaldslaust, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða útboðið og almannahjónustukvaðirnar, eftir beiðni sem senda ber:	<p>Samferdselsdepartementet Postboks 8010 Dep 0030 Oslo Norge</p> <p>Sími: +47 22 24 83 53, Fax. +47 22 24 56 09</p> <p>http://www.regjeringen.no/en/dep/sd/Documents/Other-documents/Tenders.html</p>

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2011/EES/47/04

(mál COMP/M.6185 – Flabeg/Schott/SBPS/JV)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 16. ágúst 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýsku fyrirtækin Flabeg Holding GmbH („Flabeg“), sem lýtur endanlegum yfirráðum IK Invest B.V., Schott Solar CSP GbmH („Schott“) og SBP Sonne GmbH („SBPS“), öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflaðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í nýstofnuðu, sameiginlegu fyrirtæki („JV“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Flabeg: sérnotagler fyrir vélknúin ökutæki og tæknibúnað, svo og í tengslum við sólarorku
 - Schott: móttökubúnaður fyrir samþjappaða sólarorku
 - SBPS: verkfræðistörf
 - JV: þróun og dreifing hugmynda, kerfa og íhluta sem umbreyta samþjöppuðu sólarljósi í hita til nota í orkuverum fyrir samþjappaða sólarorku, svo og tengd verkfræðistörf
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 243, 20. ágúst 2011). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6185 – Flabeg/Schott/SBPS/JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6301 – Eurazeo/Moncler)

2011/EES/47/05

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 12. ágúst 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ og í kjölfar vísunar samkvæmt 5. mgr. 4. gr. sömu reglugerðar um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið Eurazeo SA („Eurazeo“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í ítalska fyrirtækinu Moncler S.p.A. („Moncler“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Eurazeo: fjárfestingafélag sem á aðild að fjölbreyttri starfsemi, m.a. bílaleigu, umsýslu með bifreiðastæðum, fjárfestingum í fasteignum og leigu og hreinsun á textílefnum
 - Moncler: hönnun, framleiðsla, markaðsfærsla og dreifing á vönduðum fatnaði og fylgihlutum
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 243, 20. ágúst 2011). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6301 – Eurazeo/Moncler, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2011/EES/47/06****(mál COMP/M.6317 – BNP Paribas/Fortis Luxembourg-Vie)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 11. ágúst 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið Cardif Lux International SA, sem lýtur yfirláðum hins franska BNP Paribas Cardif, sem er hluti frönsku samsteyppunnar BNP Paribas SA, öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirláð, í skilningi staflaðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í lúxemborgska fyrirtækinu Fortis Luxembourg-Vie S.A.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Cardif Lux International SA: líftryggingar
 - Fortis Luxembourg-Vie S.A.: líftryggingar
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 243, 20. ágúst 2011). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6317 – BNP Paribas/Fortis Luxembourg-Vie, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6347 – Dow/Ube/JV)

2011/EES/47/07

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 18. ágúst 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið The Dow Chemical Company („Dow“) og hið japanska Ube Advanced Materials Inc., sem tilheyrir japönsku samsteypunni Ube Industries, Ltd. (einu nafni „Ube“), öðlast í sameiningu yferráð, í skilningi stafiðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í nýstofnuðu, sameiginlegu bandarísku fyrirtæki („JV“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Dow: sala á plasti, íðefnum, landbúnaðarafurðum, svo og á kolvatnsefni og orkuvörum og -þjónustu
 - Ube: sala á sérnotaiðefnum, öðrum íðefnum, plasti, sementi, byggingarefnum, vélbúnaði, málmvörum, svo og lausnum á sviði kolageymslu
 - JV: framleiðsla og sala á rafklyfum efnun fyrir lithium-ion-rafhlöður
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 249, 26. ágúst 2011). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6347 – Dow/Ube/JV, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6353 – CIE/COM HEM)**

2011/EES/47/08

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 17. ágúst 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækið CIE Management IX Limited frá Guernsey („CIE“), sem lýtur endanlegum yfirráðum hins breska BC Partners Holdings Limited („BC Partners Holdings“), öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í sænska fyrirtækinu Nordic Cable Acquisition Company Sub-Holding AB („COM HEM“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
CIE og BC Partners Holdings: fjárfestingar í óskráðum félögum
COM HEM: sjónvarpsþjónusta, internetaðgangur um breiðband og símaþjónusta í Svíþjóð
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 244, 23. ágúst 2011). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6353 – CIE/COM HEM, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6371 – OTPP/Macquarie/Copenhagen Airports)

2011/EES/47/09

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 17. ágúst 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem kanadíska fyrirtækið Ontario's Teachers Pension Plan öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, ásamt áströlsku samsteypunni Macquarie Group, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í danska fyrirtækinu Copenhagen Airports A/S.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Ontario's Teachers Pension Plan: stýrir lífeyrissjóði starfandi kennara og kennara á eftirlaunum í Ontario, hefur umsýslu með honum og fjárfestir
 - Macquarie Group: þjónusta á sviði bankastarfsemi, fjármála, ráðgjafar, fjárfestinga og sjóðastýringar
 - Copenhagen Airports A/S: á og rekur Kastrup-flugvöll og Hróarskelduflugvöll í Danmörku
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 244, 23. ágúst 2011). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6371 – OTPP/Macquarie/Copenhagen Airports, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2011/EES/47/10****(mál COMP/M.6372 – OTPP/Macquarie/FPI-FPIM/The Brussels Airport Company)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 17. ágúst 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem kanadíska fyrirtækið Ontario's Teachers Pension Plan öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, ásamt áströlsku samsteypunni Macquarie Group og belgíska fyrirtækinu La Société Fédérale de Participations et d'Investissement/De Federale Participatie- en Investeringsmaatschappij („SFPI/FPIM“), í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í belgíska fyrirtækinu The Brussels Airport Company.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Ontario's Teachers Pension Plan: stýrir lífeyrissjóði starfandi kennara og kennara á eftirlaunum í Ontario, hefur umsýslu með honum og fjárfestir
 - Macquarie Group: þjónusta á sviði bankastarfsemi, fjármála, ráðgjafar, fjárfestinga og sjóðastýringar
 - SFPI/FPIM: stundar, að eigin frumkvæði, fjárfestingar sem þjóna hagnunum belgískis efnahagslífs og starfar, að beiðni ríkisvaldsins, sem eignarhaldsfélag á eignum þess
 - The Brussels Airport Company SA: á og rekur flugvöllinn í Brussel í Belgíu
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 244, 23. ágúst 2011). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6372 – OTPP/Macquarie/FPI-FPIM/The Brussels Airport Company, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).